

Nr. 1289

13. desember 2013

GJALDSKRÁ fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitir og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
2.000 lítra og minni	7.408
2.001 – 4.000 lítra	8.573
4.001 – 6.000 lítra	10.218

Fyrir rotþrær stærri en 6.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 6.133 á rúmmetra við losun.

Purfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 51.500 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 310 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 119,3 í desember 2013.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1291/2012.

Borgarnesi, 13. desember 2013.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2014